

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Kópavogi, 23. apríl 2021

Efni: Umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna um framlögð drög að frumvarpi til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá, sbr. mál nr. 92/2021

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá, frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem birt hafa verið í samráðsgátt til umsagnar, sbr. mál nr. 92/2021. Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) þakkar tækifærið til að koma með athugasemdir við frumvarpið. FÍA gerir ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins að öðru leyti en það sem 12. gr. felur í sér, sbr. nánar hér fyrir neðan, og leggst þannig gegn samþykkt þess ákvæðis.

Með frumvarpinu er lagt til að launakjör skipverja um borð í íslenskum kaupskipum miðist við kjör í því landi þar sem umræddur skipverji hefur lögheimili. Markmiðið er sagt vera að skapa samkeppnishæft rekstrarumhverfi á Íslandi fyrir kaupskip en samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið laganna að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi. Að mati FÍA er hér aftur móti um að ræða alvarlega aðför gegn öllum launþegum landsins og með umræddum ákvæðum frumvarpsins er brotið gegn grundvallarreglum íslenskrar vinnulöggjafar með því að sniðganga íslenska kjarasamninga, auk þess sem þau ganga með augljósum hætti gegn stjórnarskrárvörðum réttindum, sbr. 74. og 75. gr. laga nr. 33/1944.

Að mati FÍA er með frumvarpinu alvarlega vegið að þeim kjarasamningsbundnu réttindum sem samið hefur verið um og gilda hér á landi auk þess sem óljóst er af frumvarpinu með hvaða hætti íslensk stjórnvöld ætla sér að framfylgja kjarasamningum, séu þeir fyrir hendi, í löndum þar sem lítið aðhald stjórnvalda er við lýði og jafnvel ekki einu sinni tvísköttunarsamningar. Með frumvarpinu er beinlínis hvatt til þess að íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi leiti til þeirra landa að skipverjum þar sem launin eru lægst og réttindi minnst. Myndi lagabreytingin þannig leiða til þess að félagsleg undirboð væru gerð lögmæt en slíkt getur ekki staðist íslensk lög.

Umrætt fyrirkomulag sem lagt er til að verði að lögum gengur augljóslega gegn markmiðum íslenskrar vinnulöggjafar, s.s. varðandi vinnu erlendra aðila fyrir íslensk fyrirtæki, t.d. lögum um útsenda starfsmenn og skyldu erlendra þjónustuveitenda nr. 45/2007. En í þeim lögum er alla jafna gert ráð fyrir að íslenskir kjarasamningar og íslensk löggjöf gildi um starfskjör starfsmanna, án tillits til erlendar löggjafar sem að öðru leyti getur gilt um ráðningarsamband starfsmanna við hlutaðeigandi fyrirtæki.

Með frumvarpinu er sett afar hættulegt fordæmi gagnvart íslensku launafólki þar sem það getur nýst sem fordæmi svipaðra laga inn á önnur svið s.s. í flugrekstur þannig að flugrekendur gætu haft flugför sín skráð á Íslandi en ráðið inn fólk frá þeim löndum þar sem laun gætu boðist sem lægst og réttindi sem minnst. Þarf ekki að hafa mörg orð um hversu alvarleg áhrif yrðu af

Því fyrir allt launafólk í landinu og atvinnuástand ef fyrirtæki hafa opna þessa leið að geta ráðið inn fólk frá löndum þar sem réttindi eru nær engin og laun lægri en íslenskir kjarasamningar segja til um.

Varðandi þá fyrirvara um laun er byggja á samþykktum Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar (ILO) er það einnig varhugavert og illa rökstutt í greinargerð með frumvarpinu þar sem þær tryggja í raun ekki lágmarkslaun þar sem ákvæðin sem um ræðir eru aðeins viðmið er varða ríki sem ekki hafa leiðir til að ákveða lágmarkslaun. Þetta virðist því heldur ekki nægilega rannsakað eða byggja á traustum grunni. Með vísan til alls framangreinds má finna það alvarlega ágalla á umræddu ákvæði frumvarpsins að það getur vart fengist samþykkt.

Virðingarfyllt,

Sonja Bjarnadóttir, lögfræðingur FÍA